



Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 03. apríl 2018

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (stefnandi faðernismáls), 238. mál., þingskjal 334.

Virðingarfyllt,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri

**Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (stefnandi faðernismáls).**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fengu ofangreint frumvarp til umsagnar og þakka fyrir það tækifæri.

Að mati Barnaheilla er eðlilegt að maður sem telur sig faðir barns geti höfðað mál til staðfestingar því. Barn á rétt á að þekkja báða foreldra sína samkvæmt Barnasáttmálanum og verður því að vera tryggt að öllum hlutaðeigandi gefist færi á að sýna fram á slíkan skyldleika við barn innan réttarkerfisins. Vitanlega þarf í öllum tilvikum að gæta að öllum mannréttindum barnsins heildrænt eins og þau birtast í Barnasáttmálanum, þ.m.t. rétt barns til að tjá skoðanir sínar í öllum málum sem þau varða, rétt þeirra til öryggis og verndar og jafnframt rétt þeirra til að þekkja uppruna sinn og viðhalda fjölskyldutengslum.

Barnaheill telja litlar líkur á að tilhæfulausum málshöfðunum véfengingarmála muni fjölga vegna þeirra breytinga sem lagðar eru til að gerðar verði í frumvarpi þessu. Því styðja samtökin framkomna lagabreytingatillögu.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vinna að bættum mannréttindum barna á grundvelli Barnasáttmálans og telja frumvarp þetta styðja við rétt barns til að þekkja og umgangast báða foreldra sína og að viðhalda fjölskyldutengslum.

Alþingi, nefndasvið  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. mars 2018  
2018010037

**Efni: Umsögn - frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003, með síðari breytingum (stefnandi fadernismáls) - 238. mál.**

**Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003, með síðari breytingum (stefnandi fadernismáls), 238. mál.**

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 6. mars 2018, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003, með síðari breytingum (stefnandi fadernismáls), 238. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Í upphafi telur Barnaverndarstofa rétt að taka fram að stofan er sammála því meginmarkmiði frumvarpsins sem lýtur að því að opna á heimildir karlmanna til að höfða fadernismál. Barnaverndarstofa telur mikilvægt að börn séu rétt fedruð og þekki þar með sinn uppruna líkt og samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins kveður á um.

Barnaverndarstofa sér þó ekki ástæðu til þess að opna heimild til að höfða fadernismál með jafnitarlegum hætti og frumvarpið gerir ráð fyrir. Barnaverndarstofa sér ekki hvaða rök liggja fyrir því að einstaklingur sem gefið hefur sæði geti síðar höfðað fadernismál og fengið sig dæmdan föður barns. Frumvarpið í núverandi mynd opnar á gefandi sæðis geti höfðað fadernismál þegar gagnkynhneigt þar hefur eignast barn með aðkomu gjafasæðis en ekki þegar samkynhneigðar konur eignast saman barn með gjafasæði. Fær Barnaverndarstofa ekki séð hvaða ástæður geta réttlætt slíkan mismun eftir því hvort þar sem eignast barn er gagnkynhneigt eða samkynhneigt. Barnaverndarstofa telur það jafnframt mikilvægt að að fjölskyldur sem verða til með tilkomu gjafasæðis þurfi ekki að búa við þá óvissu og óöryggi sem fylgir því að geta ávallt átt von á því að sæðisgjafinn geri tilkall til barnsins. Slík réttaróvissa getur aldrei verið í samræmi við hagsmuni viðkomandi barna. Mæli Barnaverndarstofa því eindregið með því að 1. gr. frumvarpsins verði orðað svo: „1. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Stefnandi fadernismáls getur verið barnið sjálf, móðir þess eða maður sem telur sig föður barns enda hafi foreldri ekki verið ákvarðað skv. 2. eða 3. mgr. 6. gr.“ (feitletrun Barnaverndarstofu).

Barnaverndarstofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst  
f.h. Barnaverndarstofu

Heiða Björg Pálmadóttir

Velferðarnefnd Alþingis  
[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Skjal: F1803005  
Hafnarfjörður, 3. apríl 2018

## Umsögn

### Barnalög (stefnandi faðernismáls)

#### 238. mál, frumvarp, 148. löggjafarþingi 2017-2018.

Félag um foreldrajafrétti hefur borist til umsagnar frumvarp um breytingu á barnalögum þar sem lagt er til að takmörkun sú sem nú er í 1. mgr. 10. gr. laganna varðandi heimild karlmanns til höfðunar á faðernismáli er felld brott og sömuleiðis til höfðunar á vefengingarmáli sbr. 1. mgr. 21. gr. laganna.

Í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins segir í 7. gr. að barn skuli eins og unnt er eiga rétt til að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra og aðildarríki samningsins skuldbinda sig skv. 8. gr. til að virða rétt barns til að viðhalda því sem auðkennir það sem einstakling, þar með talið fjölskyldutengslum. Í 1. mgr. 1. gr. a. barnalaga nr. 76/2003 segir að barn á rétt á að þekkja báða foreldra sína.

Á Íslandi fengu menn sem telja sig föður barns í fyrsta sinn takmarkaða heimild til að höfða faðernismál árið 2003. Heimildin var sett inn í kjölfar [Hæstaréttardóms nr. 419/2000](#) þar sem karlmanni hafði verið meinað að höfða faðernismál í héraðsdómi en Hæstiréttur snéri dómunum við og sagði takmörkunina brjóta gegn 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Hæstiréttur rökstuddi ítarlega þessa niðurstöðu með vísan í 70. gr. og 65. gr. Stjórnarskrárinnar svo og ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu. Hæstiréttur benti einnig í rökstuðningi sínum á hagsmuni barns:

*Af lögskýringargögnum verður ekki ráðið að sú mismunun kynjanna sem birtist í 43. gr. barnalaga byggist á málefnalegum rökum er hníga sérstaklega að því að vernda hagsmuni kvenna í þessu tilliti fremur en karla. Til þess ber og að líta að mikilvægir þjóðfélagslegir hagsmunir eru fólgirnir í því að faðerni barna sé í ljós leitt og ákvarðað. Síðast en ekki síst ber að hafa í huga ríka hagsmuni barnsins sjálfs af því að það sé réttilega feðrað. Nægir þar að nefna rétt barns til að njóta umgengni við foreldra sína og umsjár þeirra, auk fjárhagslegra hagsmuna sem þessu eru tengdir. Í almennum athugasemdum, sem fylgdu VII. og VIII. kafla í frumvarpi til barnalaga, kemur fram að ætlunin með faðernismálum sé að leita sannleikans um það, hver sé faðir barns. Hér sé það ekki síst hagur og heill barnsins sem í húfi er. Réttarfarsreglum verði að haga svo, að þær þjóni þeim tilgangi sem stefnt er að um könnun á faðerni barns.*

Takmörkuð heimild frá 2003 dugir ekki til að koma til móts við dóm Hæstaréttar. Sifjalaganefnd lagði til í [frumvarpi](#) sínu til barnalaga nr. 76/2003 að maður sem telur sig föður barns hafi heimild til að

höfða faðernismál í samræmi við dóm Hæstaréttar. Í [nefndaráliti allsheriarnefndar](#) var hins vegar sett fram tillaga um að takmarka þennan rétt við að barn hafi ekki verið feðrað í því skyni að koma í veg fyrir tilhæfulausar málshöfðanir. Slík rök eru fjarstæðukennd í ljósi þess að almennt hefur fólk heimild til að höfða mál af ýmsum toga án þess að tilhæfulausar málshöfðanir valdi vandræðum.

Ætlunin með faðernismálum er að leita sannleikans um það, hver sé faðir barns. Slík mál eru ávallt nákvæmari og áreiðanlegri en feðrunarreglur um börn hjóna og foreldra í skráðri sambúð sbr. 2. gr. barnalaga og faðernisviðurkenning sbr. 4. gr. laganna.

Það væri Alþingi til sóma að lögfesta þá breytingu sem lögð er fram í frumvarpinu. Félagið leggur þó fram eftirfarandi breytingartillögu til að uppfylla betur stjórnarskrána og Mannréttindasáttmála Evrópu..

Að 1. gr. frumvarpsins hljóði svo:

1. másl. 1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Stefnandi faðernismáls getur verið barnið sjálft, móðir þess eða maður sem telur sig föður barns.

Við teljum ekki þörf á að enda 1. másl. 1. mgr. 10. gr. laganna á “enda hafi foreldri ekki verið ákvarðað skv. 2. mgr. 6. gr.” eins og gert er í frumvarpinu. Okkur er ljóst að þessi ending er til þess fallin að koma í veg fyrir að sæðisgjafi höfði faðernismál. Við teljum hins vegar að á því sé tekið í 4. mgr. 6. gr. laganna þar sem segir að “Maður sem gefur sæði í þeim tilgangi að það verði notað við tæknifrjóvgun á annarri konu en eiginkonu sinni eða sambúðarkonu, sbr. 3. mgr., samkvæmt ákvæðum laga um tæknifrjóvgun verður ekki dæmdur faðir barns sem getið er með sæði hans”. Að því má leiða að sæðisgjafinn getur ekki orðið aðili að faðernismáli og það ætti að vera nægilegur fyrirvari.

Verði ekki gerð þessi breyting á frumvarpinu má ætla að lögin brjóti áfram í bága við stjórnarskrána og Mannréttindasáttmála Evrópu gagnvart mönnum sem móðir hefur haft samfarir við á hugsanlegum getnaðartíma barns.

Fyrir hönd Félags um foreldrajafrétti,

Heimir Hilmarsson, félagsráðgjafi MA  
formaður Félags um foreldrajafrétti

Nefndasvið Alþingis


Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri, 3. apríl 2018  
1803014 JFK

**Efni:** Umsögn um frumvarp til breytinga á barnalögum nr. 76/2003 (höfðun faðernismáls), 238. mál

Jafnréttisstofa hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Jafnréttisstofa fagnar tillögunni og telur að hún stuðli að auknu jafnrétti kynjanna. Þá er takmörkun á málshöfðunarrétti karlmanns sem telur sig föður barns, ekki í samræmi við þá meginreglu að aðilar skuli hafa rétt til að bera mál sín undir dómstóla. Þá bendir Jafnréttisstofa á 7. gr. sáttmála Sameinuðu Þjóðanna um réttindi barnsins sem kveður á um að aðildarríki eigi að tryggja eftir því sem unnt er rétt barnsins til að þekkja báða foreldra sína.

Jafnréttisstofa styður að frumvarpið verði samþykkt.



---

Jón Fannar Kolbeinsson  
lögfræðingur Jafnréttisstofu



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Reykjavík, 12. mars 2018.

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

**Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003, með síðari breytingum (stefnandi faðernismáls), þskj. 334, 238.mál.**

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Markmið frumvarpsins er að fella niður þá takmörkun sem nú er að finna í 1. mgr. 10. gr. barnalaga um að faðir geti ekki verið stefnandi í faðernismáli nema barn sé ófeðrað.

MRSÍ fagnar tillögunni og telur hana í fullu samræmi við það markmið að barn fái að þekkja báða foreldra sína. Ákvæði um slíkt er að finna í 7. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins þar sem segir m.a. að aðildarríkin eigi að tryggja eftir því sem unnt er rétt barns til að þekkja báða foreldra sína. Í 8.gr. segir ennfremur að aðildarríki skuldbindi sig til að virða rétt barns til að viðhalda því sem auðkennir það sem einstakling, þar með talið ríkisfangi sínu, nafni og fjölskyldutengslum. Þar segir enn fremur að tryggja skuli að börn verði ekki aðskilin frá foreldrum sínum nema ef velferð þeirra verði ekki tryggð með öðru móti og að það barn sem ekki elst upp hjá báðum foreldrum sínum eigi rétt á að umgangast þá báða reglulega nema það sé andstætt hagsmunum þess. Má í raun segja að barn sem ekki þekkir raunverulega foreldra sína tapi að einhverju leyti þeim rétti sem aðildarríkjum ber að tryggja skv. 8. gr. sáttmálans. Í sáttmálanum er og kveðið á um að ávallt skuli hafa það sem börnum er fyrir bestu að leiðarljósi við ákvarðanir sem þau varða. Loks skal á það bent að sáttmálinn kveður einnig á um að tekið sé mið af vilja og óska barna við allar ákvarðanir um forsjá og umgengni, í samræmi við aldur þeirra og þroska.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

---

Margrét Steinarsdóttir



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

framkvæmdastjóri





Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík, 28. mars 2018

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (stefnandi faðernismáls), 238. mál.**

Ísáð er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 6. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreint frumvarp.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á barnalögum þess efnis að felld verði niður núgildandi takmörkun á heimildum karlmanns til höfðunar á faðernismáli til að fá staðfestingu á því hvort hann sé í raun líffræðilegur faðir barns ásamt því að lagt er til að karlmaður sem telur sig föður barns fái heimild til höfðunar dómsmáls til vefengingar á faðerni barns.

Samkvæmt ákvæðum Barnasáttmálans, samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, er það grundvallarréttur barns að þekkja uppruna sinn og þá eiga börn eftir því sem unnt er rétt til að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra. Þá á barn sem myndað getur eigin skoðanir rétt á að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem það varða og skal taka réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska samkvæmt 12. gr. Barnasáttmálans. Það er meginregla Barnasáttmálans að skoðanir barns fái aukið vægi eftir því sem það eldist og þroskast og stálpuð börn eiga því ríkan rétt á að hafa áhrif á ákvarðanir sem teknar eru um þeirra aðstæður og hagi. Umboðsmaður barna áréttar að frumvarpið gerir ekki greinarmun á stálpuðum börnum og yngri börnum að þessu leyti og hvorki í frumvarpi né greinargerð með því er fjallað um mikilvægi þess að börn fái að tjá sig við meðferð slíkra mála sem varða mikilvæga hagsmuni þeirra.

Umboðsmaður barna áréttar að í frumvarpinu og greinargerð með því er ekki fjallað um tiltekin álitamál er varða stöðu barns sem stendur frammi fyrir mögulegri breytingu á feðrun. Barn getur hafa myndað náin tengsl við aðila sem hefur gengið því í föðurstað og veitt því umönnun og uppeldi og þá getur barn hafa staðið í þeirri trú að um líffræðilegan föður þess sé að ræða. Að fá staðfestingu, í kjölfar dómsmáls, á því að líffræðilegur faðir sé í raun annar einstaklingur getur verið barni og fjölskyldu þess mikið áfall. Að mati umboðsmanns barna er bagalegt að

ekki sé gert ráð fyrir því að samhliða samþykkt frumvarpsins verði gripið til ráðstafana til að tryggja að barni og fjölskyldu sem standa frammi fyrir slíkum breytingum standi til boða sérhæfð ráðgjöf og stuðningur.

Umboðsmaður áréttar að ekki liggja fyrir upplýsingar um þann fjölda mála sem gera má ráð fyrir að komi fyrir dómstóla verði framangreint frumvarp að lögum. Þó svo að ekki sé líklegt að um mikinn fjölda tilhæfulausra málssókna verði að ræða ber þó að líta til þess að slíkt getur verið barni til mikils ama og raskað ró og friðhelgi fjölskyldu. Í greinargerð með frumvarpi kemur fram að ótti við tilhæfulausar málshöfðanir sé ástæðulaus og að réttarfarsreglur og málsmeðferð faðernismála ættu að koma í veg fyrir slíkt. Það er þó ekki að finna neina heimild í lögum til þess að stöðva slíka málssóknir.

Löng hefð er fyrir norrænni samvinnu á sviði sifjaréttar og hefur íslensk þróun á þessu sviði jafnan tekið mið af réttarreglum annarra norrænna ríkja. Í sænskri og danskri löggjöf er kveðið á um heimild til höfðunar vefengingarmáls til að hnekkja faðerni barns en sú heimild sætir þó ákveðnum takmörkunum þar sem leiða þarf að því líkur að annar karlmaður en eiginmaður móður sé faðir barns. Að mati umboðsmanns barna ætti að taka til skoðunar hvort falla beri frá tillögum frumvarpsins um óhefta málsaðild og þess í stað taka til skoðunar breytingar sem miða að rýmkun málsaðildar í samræmi við norræna framkvæmd.

Með frumvarpinu eru lagðar til veigamiklar breytingar á ákvæðum barnalaga sem varða mikilvæga hagsmuni barna en að mati umboðsmanns barna er afar brýnt að ekki sé ráðist í breytingar af þessum toga án þess að byggt sé á vönduðum undirbúningi, víðtæku samráði við fag- og hagsmunaaðila og undangengnu mati á áhrifum slíkra breytinga.

Virðingarfyllst,

Salvör Nordal,  
umboðsmaður barna